



Borgarráð

Almenningsmarkaður í miðborg - uppfært erindisbréf starfshóps

Hjálagt uppfært erindisbréf starfshóps um almenningsmarkað í miðborg er lagt fram til kynningar (hét áður nýtt húsnæði Kolaportsins). Verkefni starfshópsins eru óbreytt frá fyrra erindisbréfi en tímamörk framlengd til loka ársins.

Einar Þorsteinsson
borgarstjóri

Hjálagt:

Uppfært erindisbréf starfshóps um almenningsmarkað í miðborg.



ERINDISBRÉF – UPPFÆRT

Starfshópur um almenningsmarkað í miðborginni

Ábyrgðaraðili:

Borgarstjórinn í Reykjavík

Inngangur:

Flóamarkaður í miðborg Reykjavíkur undir heitinu Kolaportið var fyrst komið á laggirnar laugardaginn 8. apríl árið 1989 og var húsnæði þess staðsett í bílgeymslum Reykjavíkurborgar undir Seðlabanka Íslands við Arnarhól. Fimm árum síðar, 15. maí 1994 flutti Kolaportið sig um set á jarðhæð Tollhússins við Tryggvagötu og hefur verið þar síðan. Það var Þróunarfélag Reykjavíkur sem leigði húsið af Fjármálaráðuneytinu og endurleigði aftur til félags um Kolaportið. Nú hefur verið tekin ákvörðun um að breyta Tollhúsinu í nýjar höfuðstöðvar Listaháskóla Íslands og því ljóst að starfsemi þess mun leggjast af í núverandi mynd. Af því tilefni mun hyggst borgin rýna nánar hvað felst í almenningsmarkaði / flóamarkaði og kortleggja mögulegar staðsetningar undir slíkan rekstur. Erindisbréfið er lagt fram aftur til þess að áréttu að hér er um rýni á tækifæri og möguleikum að ræða og hefur borgin ekki skuldbundið sig til þess að vinna nánar að verkefninu með einstökum aðilum. Verkefni hópsins eru óbreytt frá fyrra erindisbréfi. Vegna samkeppnissjónarmiða er fulltrúi Kolaportsins tekinn úr hópnum. Vinna við þarfagreiningu og kortlagningu hefur gengið vel og er skýrsla þess efnis lögð fyrir borgarráð samhliða þessari uppfærslu á erindisbréfi.

Hlutverk:

Hlutverk hópsins er að gera þarfagreiningu á húsnæði undir flóamarkað, kortleggja möguleika og bestu staðsetningar í miðborginni, þ.m.t með því að framkvæma markaðskönnun þar sem auglýst er eftir mögulegum valkostum. Í kjölfar þess sendir hópurinn niðurstöður sínar til borgarráðs með tillögum að næstu skrefum.

Helstu verkefni/viðfangsefni:

- Þarfagreining á húsnæði undir flóamarkað
- Kortleggja mögulegar staðsetningar
- Framkvæma markaðskönnun
- Viðræður við aðila sem eiga hentugt húsnæði og/eða svara auglýsingu
- Senda borgarráði tillögu að næstu skrefum



**Starfshópurinn skipa:**

- Óli Örn Eiríksson – teymisstjóri atvinnu- og borgarþróunarteymis á skrifstofu borgarstjóra og borgarritara (formaður).
- Edda Ívarsdóttir – borgarhönnun á umhverfis- og skipulagssviði.
- Indriði Kristjánsson – eignaskrifstofu á fjármála- og áhættustýringarsviði.

Starfsmaður/verkefnisstjóri starfshópsins:

Hilmar Hildar Magnússon – Verkefnisstjóri atvinnu- og borgarþróunar á skrifstofu borgarstjóra og borgarritara.

Til ráðgjafar og samstarfs:

Starfshópurinn vinni hagsmunaaðilagreiningu sem síðan verði lögð til grundvallar því samráði og samstarfi sem þarf að hafa vegna vinnu hópsins. Starfshópurinn leiti einnig ráðgjafar innan og utan borgarkerfis hjá aðilum með sérþekkingu á viðfangsefninu eftir því sem við á, t.a.m. hjá Björgu Jónsdóttur sem fer með viðburðamál í samskipta- og mörkunarteymi skrifstofu borgarstjóra og borgarritara og Jóni Halldóri Jónassyni sem fer með miðborgarmál í atvinnu- og borgarþróunarteymi skrifstofu borgarstjóra og borgarritara.

Starfstímabil og skil:

Starfshópurinn láti framkvæma markaðskönnun vorið 2024, ræði við aðila í kjölfarið og skili ábyrgðaraðila kostnaðarmetnum tillögum fyrir lok árs 2024.

Einar Þorsteinsson
borgarstjóri



Reykjavík